

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
123. fundur –18. febrúar 2008**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 18. febrúar 2008, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Gestur Pétursson boðaði forföll.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1 Fundargerð 122. fundar heilbrigðisnefndar frá 21. janúar 2008

Samþykkt

2 Fundargerð 107. starfsmannafundar frá 13. febrúar 2008

2.1 Starfsleyfi

Garðabær

2.1.1 Garðatorg 7, Garðabær - samkomusalur.

Lögð fram umsókn Huldu Gränz f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 08.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomusalar án eldhúss að Garðatorgi 7, Garðabæ.

Húshluti: 010209. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.2 Lyngás 12, Garðabær - bifreiða- og vélaverkstæði.

Lögð fram umsókn Dagbjarts Herbertssonar, f.h. Snurfuss slf., kt. 590607-2070, dags. 06.02.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiða- og vélaverkstæðis að Lyngási 12, Garðabæ. Húshluti: 010101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.3 Miðhraun 14, Garðabær - starfsmannabústaður.

Lögð fram umsókn Gunnars Haraldssonar, f.h. Bílakots ehf., kt. 500688-1069, dags. 13.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs starfsmannabústaðar, að Miðhrauni 14, Garðabæ. Umsókn fylgdi teikning samþykkt 18. júlí 2005 af byggingarnefnd en þar er ekki gert ráð fyrir búsetu fólks. Ný starfsemi.

Frestað og óskað efir nýjum teikningum og umsögn byggingafulltrúa.

2.1.4 Strikið 6, Garðabær - samkomusalur með eldhúsi

Lögð fram umsókn Huldu Gränz f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 08.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomusalar með eldhúsi að Strikinu 6, Garðabæ.

Húshluti: salur á neðstu hæð nr. 6. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með skilyrði um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða, fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Hafnarfjörður

2.1.5 Dalshrauni 16, Hafnarfjörður - vélsmiðja.

Lögð fram umsókn Guðjóns Jónassonar, f.h. Vélaverkstæðis G. Jónassonar, kt. 690607-1900, dags. 08.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vélsmiðju, að Dalshrauni 16, Hafnarfirði. Húshluti, 010105. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.6 Eyrartröð 2a, Hafnarfjörður - mjólkurstöð.

Lögð fram umsókn Ólafs M. Magnússonar, f.h. Mjólkur ehf., kt. 570205-0480, dags. 07.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs mjólkurstöðvar, að Eyrartröð 2a, Hafnarfirði. Húshluti, allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um innra eftirlit verði starfrækt, að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.7 Hellnahraun, 3 áfangi, Hafnarfjörður - malarvinnsla.

Lögð fram að nýju umsókn Stefáns Eiríks Stefánssonar, f.h. Klæðningar ehf. kt. 440786-1389, dags. 10.12.2007, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til reksturs malarvinnslu vegna gatnagerðar og veituframkvæmda í Hellnahrauni, 3. áfanga, Hafnarfirði.

Tímabundið starfsleyfi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 01.12.2008.

2.1.8 Kaplahraun 9b, Hafnarfjörður - veitingastaður.

Lögð fram að nýju umsókn Sverris Víglundssonar, f.h. Söluturnsins Bæjarhrauni ehf., kt. 681105-0340, dags. 04.12.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Kaplahrauni 9b, Hafnarfirði. Húshluti, neðri hæð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með skilyrði um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða, starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.9 Kaplahraun 15, Hafnarfjörður - gistiheimili án veitingasölu.

Lögð fram umsókn Magnúsar Jóhannssonar, f.h. Fjarðarmóta ehf., kt. 650699-2389, dags. 02.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis án veitingasölu, að Kaplahrauni 15, Hafnarfirði. Húshluti, 0201-0202. Ný starfsemi.

Frestað og óskað eftir teikningum og umsögn byggingafulltrúa.

2.1.10 Melabraut 28, Hafnarfjörður - lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta.

Lögð fram umsókn Wieskaw Henryk Cimoszko, kt. 260859-2189, dags. 11.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs lagmetisiðju og framleiðslu sjávarrétta, að Melabraut 28, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára, með skilyrði um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.11 Miðvangur 41, Hafnarfjörður - hársnyrtistofa.

Lögð fram umsókn Guðbjargar Óskarsdóttur, f.h. Fimra fingra ehf., kt. 560306-0240, dags. 13.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Miðvangi 41, Hafnarfirði. Húshluti, 010104. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.12 Óseyrarbraut 16, Hafnarfjörður - niðurrif á húsnaði.

Lögð fram umsókn Sigurjóns Halldórssonar, f.h. SR Verktaka ehf., kt. 460695-2449, dags. 24.01.2008, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á húsi að Óseyrarbraut 16, Hafnarfirði.

Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi staðfest. Leyfið gildir frá 25.01.2008 til 01.03.2008.

2.1.13 Selhella 9, Hafnarfjörður - vörugemysla.

Lögð fram umsókn Bjarna Gunnarssonar, f.h. Icetransport ehf., kt. 541298-3049, dags. 06.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vörugemyslu og flutningamiðlunar, að Selhelli 9, Hafnarfirði. Húshluti, 229-7544. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Kópavogur

2.1.14 Bæjarlind 1, Kópavogur - matvöruverslun með vinnslu.

Lögð fram umsókn Heiðars Vilhjálmssonar, f.h. C&C ehf., kt. 580505-1200, dags. 12.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs á matvöruverslun með vinnslu að Bæjarlind 1, Kópavogi. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.15 Smiðjuvegur 60, Kópavogur - söluturn og veitingaverslun..

Lögð fram umsókn Sóleyjar Víglunds dóttur, f.h. Gígu ehf., kt. 500902-2210, dags. 05.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns og veitingaverslunar að Smiðjuvegi 60, Kópavogi. Húshluti: 206 5379. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.16 Smiðjuvegur 76, Kópavogur - byggingavöruverslun.

Lögð fram umsókn Þóris Sigurgeirssonar, f.h. Tengis ehf., kt. 681289-3059, dags. 16.01.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs byggingavöruverslunar með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni að Smiðjuvegi 76, Kópavogi. Húshluti, allt húsið.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttaeiglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.17 Sæbólsbraut 34, Kópavogur - niðurrif á húsnæði.

Lögð fram umsókn Ævars Gíslasonar, f.h. BFT ehf., kt. 630307-2010, dags. 17.01.2008, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á húsi að Sæbólsbraut 34, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er mælt með staðfestingu á samþykkt starfsleyfis. Leyfið gildir frá 25.01.2008 til 01.03.2008.

2.2 Umsagnir

Hafnarfjörður

2.2.1 Ásvellir, Hafnarfjörður - tækifærisleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 23.01.2008 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Önnu K. Bjarnadóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, um leyfi til að halda árshátíð í íþróttamiðstöðinni Ásvöllum, laugardaginn 1. mars n.k. Óskað er eftir leyfi fyrir 1300 manns.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti, 31.10.2005 að veita íþróttamiðstöðinni Ásvöllum, kt. 600169-0419, starfsleyfi til reksturs íþróttahúss að Ásvöllum, Hafnarfirði, þar sem fyrirhuguð skemmtun á að fara fram. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um tækifærisleyfi til að halda árshátíð í íþróttamiðstöðinni Ásvöllum, laugardaginn 1. mars n.k. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu.

Jákvæð umsögn um tækifærisleyfis verður veitt að lokinni fullnægjandi úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.2.2 Kaplakriki, Hafnarfjörður - tækifærisleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 30.01.2008 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Péturs Ó Stephensen, f.h. Knattspyrnudeildar, um leyfi til að halda þorrablót í íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði, kt. 540169-2769, laugardaginn 9. febrúar n.k. Óskað er eftir leyfi fyrir 1500 manns.

Jákvæð umsögn um veitingu tækifærisleyfis staðfest.

2.2.3 Smyrlahraun 2, Hafnarfjörður - gistileyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 05.02.2008 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Stefáns Þorra Stefánssonar, kt. 060467-8389 um endurnýjun á gistileyfi fyrir heimagistingu að Smyrlahrauni 2, Hafnarfirði. Sótt er um leyfi fyrir gististað í flokki I.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti, 10.12.2007 að veita Stefáni Þorra Stefánssyni, kt. 060467-8389, starfsleyfi fyrir heimagistingu. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um gistileyfi fyrir heimagistingu, samkvæmt I flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt varðandi gistileyfi til heimagistingar.”

2.2.4 Strandgata 55, Hafnarfjörður - veitingastaður.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 08.02.2008 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Jóhannesar Viðars Bjarnasonar, um endurnýjun á leyfum fyrir Fjörukrána ehf. og Hótel Víking, kt. 630490-1119, Strandgötu 55, Hafnarfirði.

Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í flokki III en ekki kemur fram um flokkun gististaðar.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd samþykkti, 13.11.2000 að veita Fjörukránni ehf., kt. 630490-1119, starfsleyfi fyrir gistingu, hótél og veitingasölu. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu.

Jákvæð umsögn verður veitt varðandi rekstur hótels og veitingahúss að lokinni fullnægjandi úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

2.2.5 Dalsmári 5, Kópavogur - íþróttahús.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 21.01.2008 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kristjáns Jónatanssonar, f.h. Breiðabliks kt. 480169-0699 um rekstrarleyfi fyrir Smárann/Fífuna, Dalsmára 5, Kópavogi.

Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í flokki III.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd samþykkti, 25.04.2005 að veita Íþróttahúsinu Smára, Ungmennafélaginu Breiðublik kt. 480169-0699, starfsleyfi til reksturs íþróttahúss að Dalsmára 5, Kópavogi. Starfsleyfið nær til reksturs íþróttahúss með heitum potti, gufubaði, samkomusalar með móttökueldhúsi og til fjölnota sýningarhúss.

Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi til reksturs samkomusalar í íþróttamiðstöðinni, samkvæmt III flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu.

Jákvæð umsögn er veitt um rekstrarleyfi fyrir samkomusalinn. Húshluti: 01 02 02.

2.2.6 Dalsmári 5, Kópavogur - tækifærisleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 18.01.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Svavars Jósefssonar, f.h. Knattspyrnudeildar Breiðabliks, kt. 410284-1389 um tímabundið áfengisleyfi. Þetta er vegna þorrablóts er var haldið þann 2. febrúar s.l. Staðsetning skemmtunar er Íþróttahúsið Smárinn, Dalsmára 5, Kópavogi.

Jákvæð umsögn staðfest.

2.2.7 Dalsmári 5, Kópavogur - tækifærisleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 22.01.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Geirs Marelssonar, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759 um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi. Þetta er vegna árshátíðar er verður haldin þann 8. mars n.k. Staðsetning skemmtunar er Íþróttahúsið Fífan, (Kópavogsbær) kt. 700169-3759, Dalsmára 5, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti, 24.02.2003 að veita Íþróttahúsinu Fífunni, (Kópavogsbær) kt. 700169-3759, starfsleyfi til reksturs íþróttahúss að Dalsmára 5, Kópavogi, þar sem fyrirhuguð

skemmtun á að fara fram. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um tímabundið áfengisleyfi í Íþróttahúsinu Fífunni, 8. mars n.k. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt um veitingu tækifærisleyfis.

2.2.8 Engihjalli 8, Kópavogur - veitingastaður.

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 31.12.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Rattanaporn Yoobanphot, f.h. Thailands ehf., kt. 711005-0130 um rekstrarleyfi fyrir veitingahúsið Thailand að Engihjalla 8, Kópavogi. Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í flokki III.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti, 30.05.2006 að veita Thailandi ehf., kt. 711005-0130, starfsleyfi til sölu á tilbúnum mat. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt III flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastað”.

2.2.9 Dalvegur 16c, Kópavogur - veitingastaður.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 05.02.2008 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Gunnars Sch. Thorsteinssonar, f.h. Bara ehf., kt. 690304-3170 um rekstrarleyfi fyrir söluturninn Smára, Dalvegi 16, Kópavogi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 12.02.2008.

Fyrir liggur bréf frá nágrönnum til sýslumanns dags. 25.09.2007.

Fyrir liggur bréf Sýslumanns til Gunnars Sch. Thorsteinssonar dags. 10.01.2008.

Fyrirliggur bréf Gunnars Sch. Thorsteinssonar til Sýslumanns dags. 17.01.2008.

Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í flokki II.

Sýslumaður óskar sérstaklega um afstöðu um hvort rétt sé að veita aðilum sem reka söluturn leyfi til vínveitinga,

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd samþykkti 26.04.2004 að veita Bara ehf., kt. 690304-3170, starfsleyfi fyrir matvöruverslun (söluturn með óvarin matvæli). Þann 23.05.2007 lagði umsækjandi inn teikningu samþykkt af byggingafulltrúa Kópavogs 16.05.2007, grunnmynd, veitingastofa.

Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Við eftirlit þann 12.02.2008 kom í ljós að húsnæðið hefur verið innréttað í samræmi við samþykkt teikningu og er rekin þar spilataekjasalur, söluturn með óvarin matvæli og myndbandaleiga. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu.

Heilbrigðisnefnd telur að áfengisveitingaleyfi eigi ekki að vera skilyrði fyrir rekstri spilakassa eins og umsækjandi hefur skilgreint og veitir neikvæða umsögn um sölu áfengis í söluturnum og myndbandaleigum.

2.3 Tóbakssöluleyfi

Kópavogur

2.3.1 Bæjarlind 1, Kópavogur - matvöruverslun með vinnslu.

Lögð fram umsókn Heiðars Vilhjálmssonar, f.h. C&C ehf., kt. 580505-1200, dags. 12.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu að Bæjarlind 1, Kópavogi. Eigendaskipti.

Leyfisveiting staðfest.

2.3.2 Nýbýlavegur 10, Kópavogur - veitingaverslun.

Lögð fram umsókn Jóns Péturssonar, f.h. JS veitinga ehf., kt. 700104-3030, dags. 13.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu að Nýbýlavegi 10, Kópavogi. Endurnýjun.

Leyfisveiting staðfest.

2.3.3 Smiðjuvegur 60, Kópavogur - söluturn og veitingaverslun.

Lögð fram umsókn Sóleyjar Víglunds dóttur, f.h. Gígu ehf., kt. 500902-2210, dags. 05.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu að Smiðjuvegi 60, Kópavogi. Eigendaskipti. Leyfisveiting staðfest.

3 Ársreikningur 2007

Lagður fram endurskoðaður ársreikningur vegna 2007 og samþykktur.

4 Ársskýrsla fyrir 2007

Ársskýrsla vegna 2007 lögð fram og samþykkt.

5 Skipulagsmál

5.1 Aðalskipulag Garðabæjar 2004 -2016. Tillaga að breytingu vegna færslu Álftanesvegar í Garðaholti

Lagt fram erindi skipulagsstjóra Garðabæjar frá 29. janúar 2008 þar sem umhverfismatskýrsla vegna ofangreindrar tillög send til kynningar og kostur gefin á að koma athugasemdum eða ábendingum.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd telur ekki ástæðu til athugasemda vegna hollustuhátta og mengunarvarna.”

5.2 Reykjanesbraut í Hafnarfirði.

Lagt fram erindi skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar frá 8. febrúar 2008 varðandi deiliskipulag Reykjanesbrautar í Hafnarfirði frá Áslandi 1. áfanga að Hellnahrauni 1. áfanga.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd fagnar því markmiði að stefnt skuli að rólegu umferðarumhverfi og bendir á að með nýjum lausnum eins og við Reykjanesbraut hjá Hnoðraholt í Garðabæ heftur tekist að mynda rólegra umferðarumhverfi, bæði fyrir íbúa og vegfarendur. Er það gert með hljóðmön milli akreina. Nauðsynlegt er að kanna slíka útfærslu vegna neikvæðra áhrif við grunnskóla og nokkur íbúðahús. Einnig ætti með sama hætti að vera möguleiki á að skapa viðunandi hljóðvist á útivistarsvæði (golfvelli).

Óskað hefur verið eftir ítarlegri gögnum til að taka afstöðu til áhrifa hljóðvistar og er óskað eftir umfjöllun vegna þessa í umhverfismatskýrslu vegna skipulagsins.”

5.3 Efnistaka í Vatnsskarðsnámum

Lögð fram auglýsing úr dagblaði frá 8. febrúar 2008 um að hafið sé matsferli vegna efnistöku úr Vatnsskarðsnámum.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt að taka drög að tillögu til matsáætlunar til skoðunar vegna nálægðar við núverandi og framtíðar vatnsból.

5.4 Vatnsendahlíð – Kópavogi., Breytt aðalskipulag Kópavogs 2000 – 2012

Lagt fram erindi skipulagsstjóra Kópavogsbæjar frá 6. febrúar 2008 þar sem tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2000 – 2012 varðandi afmörkun vatnsverndarsvæðis er send til kynningar.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna. Hún er að mati nefndarinnar í samræmi við þegar samþykkt svæðisskipulag fyrir vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.”

5.5 Álfhólsvegur 22 – Kópavogi. Deiliskipulag

Lagt fram erindi skipulagsstjóra Kópavogsbæjar frá 30. janúar 2008 þar sem óskað er umsagnar um mótvægiaðgerðir vegna hljóðvistar.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd telur að samþykkja megi skipulagið ef tryggt verður að byggingatæknilegum lausnum verði beitt svo sem kostur er til að tryggja að fullnægjandi hljóðvist og loftskipti verði innan dyra í öllum íbúðarherbergjum.”

5.6 Álfhólsvegur 78 – Kópavogi. Deiliskipulag

Lagt fram erindi skipulagsstjóra Kópavogs dags. 19. desember 2007 þar sem óskað er umsgagnar um mótvægisáðgerðir vegna hljóðvistar.

“Heilbrigðisnefnd telur að samþykkja megi skipulagið ef tryggt verður að byggingatæknilegum lausnum verði beitt svo sem kostur er til að tryggja að fullnægjandi hljóðvist og loftskipti verði innan dyra í öllum íbúðarherbergjum.”

6 Búseta í atvinnuhúsnæði

6.1 Rauðhella 10 og Rauðhella 14 Hafnarfirði

Lögð fram afrit af bréfum heilbrigðiseftirlitsins frá 5. febrúar 2008 til eigenda atvinnuhúsnæðis að húsnæðis að Rauðhelli 10 og 14 í Hafnarfirði, sem send voru í framhaldi af tilkynningum eða eftirlit um að þar væri búseta fólks.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd telur að verið sé að stefna í hættu heilsu þeirra sem búa í atvinnuhúsnæði á iðnaðarsvæði þar sem atvinnustarfsemi sem getur haft í för með sér mengun er þegar orðin umtalsverð á svæðinu. Eigendum húsnæðisins er veittur þriggja mánaða frestur til að hætta að nota húsnæðið sem íbúðarhúsnæði.

Komi í ljós að enn sé búseta í húsnæðinu að fresti liðnum mun heilbrigðisnefnd taka til skoðunar að beita dagsektum sbr. ákvæðið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6.2 Dalshraun 13, Hafnarfirði – starfsmannabústaður.

Lagt fram afrit af eftirlitsblaði frá 6. febrúar 2008 vegna eftirlits í húsnæði Húsaleigu ehf. að Dalshrauni 13, Hafnarfirði og tölvupóstur fyrirtækisins frá 14. febrúar 2008 um bráðarbirgða úrbætur á húsakynnum.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Í ljós hefur komið að staðnum er búseta fólks í atvinnuhúsnæði. Samkvæmt ákvæðum 4. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir ber rekstur starfsmannabústaða að hafa gilt starfsleyfi. Umsókn um starfsleyfi ásamt teikningum af núverandi fyrirkomulagi verða að berast heilbrigðisnefnd innan 14 daga fyrr getur heilbrigðisnefnd ekki tekið til skoðunar áætlun fyrirtækisins um úrbætur.

7 Vinnubúðir á framkvæmdatíma

Lögð fram fyrirspurn Héðins dags. 5. febrúar 2008 um heimild til að staðsetja starfsmannabúðir að Gjáhellu 4, Hafnarfirði. Lóðin er á iðnaðarsvæði og þynningarsvæði álversins í Straumsvík.

Lagt fram afrit af bréfi Heilbrigðiseftirlitsins til Vinnueftirlitsins dag. 7. febrúar 2008 þar sem óskað er umsgagnar um málið.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd getur ekki fallist á búsetu á svæðinu eins og óskað er.”

8 Rekstur steypustöðvar að Bakkabraut 9, Kópavogi

Lagt fram erindi Kópavogsbæjar dags. 5. febrúar 2008 vegna Einingarverksmiðjunnar Borgar ehf. að Bakkabraut 9 Kópavogi.

Yfirfarin gögn úr eftirlitsferð á vettvang þann 14. febrúar 2008 og gerð eftirlitsskýrsla.

Eftirfarandi samþykkt var gerð um niðurstöðu eftirlitsskýrslu:

“Heilbrigðisnefnd telur með vísun til ákvæða gr. 12.4 í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum, að við rekstur Einingarverksmiðjunnar Borgar ehf. að Bakkabraut 9, Kópavogi sé ekki fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða starfsleyfis.

Heilbrigðisnefnd gerir með vísun til 27. gr. reglugerðar nr. 786/1999, með síðari breytingum, kröfur um að eftirfarandi úrbætur verði framkvæmdar:

1. Að nú þegar verði hætt frá lóðinni allri steypusölu þar sem sú starfsemi er óheimil með vísun til starfsleyfis og jafnframt vísað til fyrri samþykktar nefndarinnar.
2. Að þrifið verði upp eftir þá ólöglegu starfsemi sem verið hefur á lóðinni og áætlun um þá framkvæmd lögð fyrir heilbrigðisnefnd í samræmi við ákvæði 27. 2. gr. reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999, með síðari breytingum.
3. Að bæta almenna ásýnd og umgengni um lóð steypueiningaverksmiðjunnar í samræmi við athugasemdir í eftirlitsskýrslu og tímasett áætlun vegna þeirra úrbóta kynnt heilbrigðisnefnd innan 4 vikna

Verði úrbótum ekki framfylgt ber nefndinni að grípa til þvingunarúrræða sem fram koma í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999, með síðari breytingum. Vakin er athygli á að hafi rekstraraðili ekki sinnt fyrirmælum innan tiltekins frests getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt og er hámark þeirra 500.000 kr. á dag.

9 Reglur um kattahald

Lagt fram að nýju bréf skipulagsstjórans í Kópavogi dags. 22.11.2007 þar sem óskað er umsagnar um reglur um kattahald sem verið hafa til umfjöllunar hjá Umhverfisstjórn Kópavogs.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Ef bæjarstjórn telur rétt að setja samþykkt um kattahald, leggur heilbrigðisnefnd til, að tekið verði mið af gildandi reglum á höfuðborgarsvæðinu sem lúta að því að draga úr óþægindum af köttum sem lenda á flækingsi en varar við því að farið verði í að skrá ketti og viðhalda skrá um þá með tilheyrandi skyldum og kostnaði.”

10 Frumvarp til laga um matvæli. 326 mál. EES-reglur. Rekjanleiki

Lagt fram erindi Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis frá 4. febrúar 2008 þar sem óskað er umsagnar um hjálagt frumvarp til laga um matvæli. Heilbrigðisnefnd telur ekki þörf á gera athugasemd við frumvarpið

11 Önnur mál

11.1 Eggjaofnæmi í grunnskóla og leikskóla

Lagt fram erindi Matvælastofnunar frá 13. febrúar 2008 ásamt skýrslu um eggjaofnæmi sem upp kom í leikskóla og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu á fyrri hluta síðasta árs.

11.2 Flúormælingar í nágrenni Straumsvíkur 2007

Lögð fram skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (dags. janúar 2008) sem unnin er fyrir Alcan á Íslandi hf. um mælingar á flúor, árið 2007, aðallega úr gróðursýnum í nágrenni Straumsvíkur.

Umræðu frestað til næsta fundar

11.3 Næsti fundur.

Næsti reglulegur fundur 1. apríl 2008

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10

Birna Ólafsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Júlíus Kr. Björnsson

Steingrímur Steingrímsson

Halla Halldórsdóttir

Sigurgeir Ólafsson